

# Stjórn Samtaka heilsuleikskóla

## Fundargerð 30. janúar 2019

- ❖ Nýir matseðlar og uppskriftabók - næringarstefna
  - Umræður um villur og annað í sambandi við nýja matseðla
  - Bréf verður sent til allra heilsuleikskóla í sambandi við villur eða áherslubreytingar
  - Þeir skólar sem ekki eru innan samtakanna og hafa áður keypt sig inn í næringarstefnuna – þeir þurfa að greiða samtökunum fyrir nýjan uppskriftarpakka þar sem uppskriftarpakkinn er nú í eigu samtakanna
  
- ❖ Kynning á nýjum matseðlum og fræðslu næringarfræðings
  - Leikskólar geta pantað næringafræðinga heilsusamtakanna til sín ef áhugi er fyrir því – leikskólar innan samtakanna borga 30.000 kr og þeir sem eru utan samtaka heilsuleikskóla borga 50.000 kr.
  
- ❖ Kynning á rafrænni heilsubók í bréfi til félaga
  - Enn eru hnökrar á rafrænni heilsubók, þó er hún starfhæf og hægt er að vinna í henni
  - Fífusalir í Kópavogi ætla líka að fá aðgang að rafrænni heilsubók og ætla að taka þátt í prufukeyrslu, einnig Krókur í Grindavík - persónuverndar-ákvæði vantar
  - Hugrún á Álfasteini mun aðstoða við að vinna í persónuverndarmálum
  - Aðrir skólar: þurfa fyrst að vera búin að greiða stofngjald áður en þeir hefja vinnu við rafræna heilsubók, síðan væri best að allir hnökrar væru lagfærðir áður en allir fara í að hefja vinnslu rafrænnar heilsubókar
  
- ❖ Heimasíðan
  - Erla Stefanía er orðin umsjónaraðili heimasíðu Samtaka heilsuleikskóla
  - Stjórn samtaka heilsuleikskóla munu funda um áhersluatriði varðandi heimasíðuna og fara yfir hvað vantar og fleira
  
- ❖ Fjármál
  - Ársreikningar lagðir fram
  - Stjórn samtaka heilsuleikskóla þakkar gjaldkera stjórnarinnar fyrir vel unnin skjöl varðandi reikninga og yfirlit
  
- ❖ Aðalfundur 2019
  - Dagsetning föstudagur 7. júní – takið daginn frá
  - Stokkseyri og Eyrarbakki er áfangastaðurinn
  - Spurning er um hvort að boða eigi Jökul og Thelmu á aðalfund til að svara fyrirspurnum – þarf að skoða það þegar nær dregur

- umræða um morgunhressingu (ávaxta- og grænmetisstund) og morgunmat í heilsuleikskólum
  - tillaga um að hafa gátlistana í rafrænni heilsubók
- ❖ Tillaga að næsta fundi stjórnar Samtaka heilsuleikskóla
- Föstudagur 29. mars

Á fundinn mættu: Sigrún Hulda formaður, Berglind varaformaður, Þóra Sigrún gjaldkeri, B. Sif ritari, Erla Stefanía meðstjórnandi. Fundur hófst kl. 13:30 og var slitið kl. 15:35.